



Morgunblaðið/Porkell

Jesse Byock stýrir uppgreftirnum og er hér í kirkjustæðinu við Hrísrú. Fremst á myndinni má sjá gröfina sem fannst í síðustu viku.

Stór gröfin bendir til Egilssögu

Eftir Árna Helgason og Þóri Júlíusson

STÓR gröf hefur fundist í kirkjustæðinu við Hrísrú í Mosfellsdal en gröfin var undir gólfi kórsins í kirkjunni og í henni hafa fundist leifar af timbri. Jesse Byock, sem stýrir uppgreftirnum við Hrísrú, segir ljóst að timburleifararnar séu úr líkkistu en miðað við stærð graf-

arinnar er talið að líkkistan hafi verið meira en tveggja metra löng.

Ýmislegt bendir til þess að þetta hafi verið gröf Egils Skallagrímssonar, þó að vitaskuld sé ekki hægt að fullyrða það.

Fyrir það fyrsta er talið að gröfin sé frá því í kringum árið 1000 og ef rétt reynist fer sú tímasetning ágætlega saman við frásögn Egils-

sögu. Í öðru lagi benda allar lýsingar Egilssögu til þess að Egill hafi verið mun hærri en flestir samtímamenn sínir og er hann meðal annars sagður „vel í vexti og hverjum manni hærri“.

Jesse er þó ekki tilbúinn að fullyrða að þarna hafi Egill legið og bendir á að ekki sé hægt að segja að allt sem standi í Egilssögu sé rétt. | 6